



Leikskólinn Bjarkatún

b.t. Guðrúnar S. Sigurðardóttur, Þórdísar Sigurðardóttur og umhverfisnefndar
Hammersminni 15b
765 Djúpvogur

Egilsstöðum, 16. september 2022

Efni: Vegna grænfánaúttektar 13. september sl.

Kæra Guðrún, Þórdís og umhverfisnefnd

Bestu þakkir fyrir gott spjall í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemun Neysla og úrgangur, Vatn, Orka, Lýðheilsa og Átthagar og landslag á tímabilinu.

Skrefin sjö

Ábendingar

Skrefin sjö	Ábendingar
1. Umhverfisnefnd	x Flott að hafa umhverfisnefnd með fulltrúum starfsmanna og foreldra og síðan grænfánahóp með elstu nemendum sem eiga einnig fulltrúa í umhverfisnefndinni.
2. Mat á stöðu mála	x Gátlistar nýttir og fylltir út af börnunum.
3. Aðgerðaráætlun og markmið	x Að nota markmiðssetningareyðublaðið hjálpar til við að gera grænfánastarfið markvissara. Gott er einnig að miða við að markmiðin séu SMART, Skýr, Mælanleg, Aðgerðarmiðuð Raunhæf og Tímasett. Mikilvægt er að markmiðin eru sýnileg og að allir í leikskólasamfélaginu eru meðvituð um þau.
4. Eftirlit og endurmat	x
5. Grænfáninn í daglegu starfi	x Það er til fyrirmyndar að mikið af rótgrónu grænfánastarfi er orðið að föstum lið í daglegu starfi. Cittaslow verkefnið og grænfáninn styðja hvort annað. Huga má betur að því að virkja grænfánastarfið hjá yngri nemendum.
6. Upplýsa og fá aðra með	x Upplýsingar um grænfánastarfið kemur m.a. í tölvupósti til foreldrar. Í heimildarmynd um Cittaslow verkefnið var einnig fjallað um grænfánann. Bæta mætti upplýsingar um grænfánastarfið á heimasíðunni.
7. Umhverfissáttmáli	x Flottur sáttmáli sem unnin var af nemendum.

Markmið sem unnið var með á tímabilinu

Minnka plast	x	Markvisst hefur verið unnið að því að minnka plastnotkun m.a. með taupokum í staðinn fyrir plastpokar o.fl.
Efla flokkunarkerfið	x	Flokkun og plokk gengur mjög vel. Mikil meðvitund er um að endurnýta efni í listum og sköpun. Skólinn fær líka efni frá fyrirtækjum og stofnunum í bænum.
Auka meðvitund um rusl í náttúrunni	x	Í öllum gönguferðum er tínt rusl og það flokkað og hent í viðeigandi flokkunarkerfi eða endurnýtt.
Læra að þekkja náttúruna og umhverfið í kringum okkur	x	Sjálfsagður hlutur í daglegu starfi. Mikil samlegðaráhrif með Cittaslow.
Vera meðvitað um rafmagnsnotkun í leikskólanum	x	Skemmtileg hugmynd að hafa bæði rafmagnslausan dag og rafmagnsdag. Halda áfram að reyna að minnka rafmagnsnotkun.
Núvitundaráæfingar	x	Hugarfrelsisæfingar og jóga, unnið með fæðuhringinn.

Heildarniðurstaða

Leikskólinn náði öllum markmiðum sem hann setti sér á liðnu tímabili. Greinilegt er að vel hefur tekist að vinna að grænfánastarfinu þrátt fyrir áskoranir. Margt jákvætt er orðið af föstum lið í skólastarfinu eins og flokkun, plokk, endurnýting á efnivið, ræktun, minnka matarsóun, læra að þekkja náttúruna og umhverfið í kring o.fl. Þannig eru nokkur þemu orðin fast mótuð inn í starfið og stefna á að taka ný þemu og koma því inn í starfið sem fastan lið. Mjög flott. Ánægjulegt að sjá tengingu grænfánaverkefnisins við Cittaslow verkefnið. Tilvalið væri svo líka að flétta grænfánastarfið saman við heimsmarkmiðin.

Við minnum að lokum á heimasíðu verkefnisins <https://landvernd.is/grafenfaninn/> og handbókina *Á grænni grein* en þar er að finna nánari upplýsingar um verkefnið ásamt umræðu um þemun og hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna, sjá hér: <https://landvernd.is/a-graenni-grein/>.

Á vefsíðu grænfánans er m.a. að finna fullt af námsefni sem getur gefið ykkur innblástur um ný verkefni og nýjar nálganir.

Ný og endurbætt verkefnakista var opnuð í febrúar á þessu ári og þar má finna fjölda verkefna. Verkefnin eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá grænfánaskólum í gegnum tíðina. <https://landvernd.is/verkefnakista/>

Grænfáninn fagnar 20 ára afmæli á skólaárinu 2021-2022. Við hvetjum ykkur að fylgjast með þeim viðburðum sem hafa verið á afmælisárinu og þeim afmælispökkum sem voru opnaðir í hverjum mánuði og eru tileinkaðir þemum tengdum umhverfismálum <https://landvernd.is/grafenfaninn/20-ara-afmaeli/>

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í fimmta sinn. Innilega til hamingju með það!

Bestu kveðjur,

Menntateymi Landverndar